

Mál nr. 149/2018

**M og
V vegna fjölskyldutryggingar – málskostnaðarliður**

Ágreiningur um bótaskyldu úr fjölskyldutryggingu

Gögn.

Málskot, móttakið 11.maí 2018, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 25.5.2018, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M er með F plús 3 fjölskyldutryggingu hjá V en sú trygging inniheldur m.a. málskostnaðartryggingu. Sá réttarágreiningur sem uppi er milli M og þriðja manns, sem er forsenda þess að M gerir nú kröfu um greiðslu úr málskostnaðartryggingunni varðar þá staðreynd að M hefur verið stefnt fyrir dóm til að þola ógildingu á fjárskiptasamningi sem gerður var við skilnað M og þriðja manns.

Álit.

Í ákvæði 25.1 váttryggingarskilmála F plús 3 fjölskyldutryggingar nr. GH20 kemur m.a. fram að málskostnaðartryggingin bæti málskostnað vegna ágreinings sem snertir váttryggðan sem einstakling og getur komið til úrlausnar héraðsdóms eða Hæstaréttar hér á langi. Í undanþáguákvæði 25.4 kemur fram að tryggingin taki ekki til ágreinings sem varðar hjónaskilnað eða mál sem upp kunni að koma í sambandi við hjónaskilnað.

Eins og mál þetta horfir við Úrskurðarnefndinni verður ekki annað séð en sá réttarágreiningur sem uppi er varði ógildingu samnings sem gerður var vegna skilnaðar M.. Af þeim sökum verður ekki séð að M eigi rétt á greiðslu bóta úr umræddri fjölskyldutryggingu með vísan til skýrrar undanþágureglu sem fram kemur í ákvæði 25.4.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr F plús 3 fjölskyldutryggingu V.

Reykjavík, 19. júní 2018.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Lúðvík Bergvinsson lögm.